

Umsögn um aðgerðaráætlun í loftlagsmálum

Þessi umsögn beinist að kafla 5. Aðgerðir og þá sérstaklega til undirkafla 5.2 Aðgerðir eftir flokkum, undirkaflar A., E. og F.

Tillögur að aðgerðum

- A. Takmörkun aðgengis að jarðefnaeldsneyti
- E. Styrkja metanframleiðslu á bóndbýlum til notkunar sem eldsneyti eða til húshitunar.
- F. Styrking deilihagkerfa og endurnotkun
- F. Umbúðir með flokkunarmerkingum
- F. Skilvirkari söfnun og flokkun úrgangs í landinu
- F. Skattlagning við urðun sérstaklega safnara efnisflokka úrgangs
- F. Skilvirkari urðunarstaðir
 - Styrkt söfnun og brennsla metans frá urðunarstöðum
 - Styrkt söfnun og hreinsun sigvatns frá urðunarstöðum
- F. Skattlagning við losun skólps í ferskvatn, læki og ár
- F. Uppbygging skólphreinsistöðva á landinu

Útskýringar

- A. Takmarka aðgengi að jarðefnaeldsneyti með því að hafa takmarka opnunartíma bensínstöðva.
- E. Með styrkingu metanframleiðslu er átt við að tað og garðaúrgangur er notaður til þess að gera moltu, og samtímis framleiða metan sem bændur geta notað í farartæki, dráttarvélar, húshitunar osfrv (Tauseef, S. M. et al. 2013). Þvag dýra hefur að geyma nitur sem nýtist sem áburður á ræktarland.
- F. Stryking deilihagkerfa á borð við bókasöfn. Til dæmis má nefna fyrir verkfæri og leikföng.
- F. Það að bæta merkingar umbúða ýtir undir rétta flokkun úrgangs.
- F. Breyting á högun söfnunar úrgangs þar sem blandaður úrgangur er ekki undirstaða söfnunar
- F. Urðun sérstaklega safnas úrgangs skal vera skattlagt (líkt og urðun lífræns úrgangs) vegna þess að það grefur undan vinnunni og vilja til flokkunar.
- F. Útblástur metans frá urðunarstöðum á Íslandi er hlutfallslega hærri en í öðrum vestrænum löndum og hefur talsverð áhrif á loftlagsbreytingar. Skortur er á stöðluðum söfnunaraðferðum fyrir metan frá urðunarstöðum á Íslandi og eftirfylgni á skilvirkni söfnunar metangass á Íslandi er ábótavant. Áhrif útblásturs metans er þekkt og tæknin er til, en það vantar hvata til þess að bæta söfnun og brennslu þessa metans. Það sama gildir um sigvatn. Tænin er til staðar til að hreinsa sigvatn. Það vantar hvata til að breyta.
- F. Ferskvötn, lækir og ár eru viðkvæmustu viðtakar hvað varðar skólpsvatn og önnur spilliefni. Þar að auki getur losun skólps haft heilsufarslegar afleiðingar (Blaettler, 2018) t.a.m. þar sem

skólpmengaður lækurinn rennur niður fossvogsdalinn og endar við ylströnd höfuðborgarsvæðisins í Nauthólsvík.

F. Skólphreinsun á Íslandi er ekki fullnægjandi miðað við nýjustu tækni.

Heimildir

Tauseef, S. M., Premalatha, M., Abbasi, T., & Abbasi, S. A. (2013). Methane capture from livestock manure. *Journal of environmental management*, 117, 187-207.

Blaettler, K. G. (2018). *The Effects of Sewage on Aquatic Ecosystems*. Sótt þann 1. Október 2020 af: <https://sciencing.com/effects-sewage-aquatic-ecosystems-21773.html>

Höfundur: Guðrún Fjóla Guðmundsdóttir

Menntun og atvinna: M.Sc. Umhverfisverkfræðingur, ReSource International ehf.

Dagsetning: 01.10.2020